

Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.

Yfirlit um tekjur og gjöld sjóðsins frá stofnun, 1. nóv. 1944, til 31. dec. 1945.

Tekjur:

1. Stofntillag bankans	kr. 116 000.00
2. Tillög bankans og sjóðfélaga	— 16 993.46
3. Vaxtatekjur	— 3 190.80

Kr. 136 184.26

Gjöld:

Eign í árslok:	
a. Verðbréfaeign	kr. 141 500.00
b. Innstæða í sparisjóði Búnaðarbanka Íslands	— 1 684.26

kr. 143 184.26

÷ Bráðabirgðalán	— 7 000.00
------------------------	------------

Kr. 136 184.26

97 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Jónsdóttur 27. júní frá Kýrunnarstöðum í Dalasýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. júní 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigríðar Jónsdóttur frá Kýrunnarstöðum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigríðar Jónsdóttur frá Kýrunnarstöðum. Hann er stofnaður til minningar um konu undirritaðs, sem lézt 11. janúar árið 1946.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirtaldar fjárhæðir:

1. Kr. 2000.00, sem er gjöf frá Guðjóni Ásgeirssyni.
2. Kr. 535.00, sem eru eftirstöðvar fjársöfnunar meðal Hvammssveitinga vegna 70 ára afmælis þann 3. júní 1945, Sigríðar Jónsdóttur og Guðjóns Ásgeirssonar á Kýrunnarstöðum og Guðrúnar Jóhannsdóttur frá Ásgarði. Fjárhæð þessari var þeim falið að ráðstafa.
3. Kr. 500.00, sem er gjöf til sjóðsins frá Guðrúnu Jóhannsdóttur.

Stofnfé sjóðsins nemur því alls kr. 3035.00.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins skal varið til að styrkja börn og ungmenni í Hvammshreppi til náms. Að öðru jöfnu skal fremur veita þeim styrk, er skara fram úr í einhverri grein, bóklegri eða verklegri, og hafa lítil fjárráð.

4. gr.

Skólanefnd barnaskólans í Hvammshreppi skal hafa á hendi stjórn sjóðsins. Hún skal sjá um að ávaxta sjóðinn sem best á tryggum stað og annast úthlutun

námsstyrkja. Skólastjóri barnaskólans í Hvammshreppi skal hafa tillögurétt um 97
úthlutunina.

27. júní

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en stjórn hans ákveður hvenær nota skal
vextina til úthlutunar námsstyrkja.

6. gr.

Sérstök minningarspjöld skal gera fyrir þá, er gefa vilja minningargjafir í
sjóðinn. Enn fremur skal færa í sérstaka bók nöfn allra þeirra sem minnt er með
minningargjöfum. Sjóðstjórnin ákveður hvar minningarspjöldin skuli vera til sölu.

7. gr.

Sýslunefnd Dalasýslu skal velja mann til að endurskoða árlega reikninga sjóðs-
ins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Kýrunnarstöðum, 17. júní 1946.

Guðjón Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

98

28. júní

um viðauka við reglugerð nr. 129 9. júlí 1945, um veltuskatt.

1. gr.

Veltuskatt skal reikna af heildarandvirði seldrar vöru eða þjónustu.
Vörur látnar í vöruskiptum til greiðslu skuldar eða til kaupgreiðslu skal meta
eftir venjulegu verði slíkra vara á hverjum stað þegar vöruskiptin voru gerð. Sama
máli gegnir um vörur, sem verktaki lætur af hendi með verki sínu gegn endurgjaldi,
vinnu og aðra þjónustu, sem innt er af hendi án sérstaklega ákveðins kaups.

Svo skal einnig meta vörur, sem eigandi verzlunar tekur út til eigin þarfa.

2. gr.

Undanþegið er veltuskatti:

- Smásöluvelta á mjólk og mjólkurafurðum.
- Smásöluvelta á kjöti og kjötafurðum, að því leyti, að innkaupsverðið á kjöti
til smásölu skal dregið frá smásöluveltunni.
- Andvirði vara seldra í umboðssölu þegar veltuskattur er lagður á vöruna í
heildsölu þeirri, sem varan er seld fyrir í umboðssölunni, enda sé varan þá
einnig seld í veltuskattskyldri smásölu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga nr. 62 12. marz 1945, um
veltuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1946.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.